

Nótastöðin hf., síðar Nótastöðin Oddi ehf. Akureyri

2007/9

Stofnfundur Nótastöðvarinnar hf. var haldinn 22. október 1953. Stofnfélagar voru sex einstaklingar, sem flestir voru tengdir útgerð, en auk þeirra voru Útgerðarfélag KEA og útgerðarfélagið Gjögur hf. á Grenivík meðal stofnenda.

Samkvæmt samþykktum félagsins var tilgangur þess að starfrækja uppsetningu og viðgerðir veiðarfæra og annan skyldan rekstur. Á stofnfundinum var gengið frá kaupum félagsins á Nótastöð Óla Konráðssonar.

Árið 1961 keypti Netagerðin Oddi hf. hlut í Nótastöðinni og í október 1963 var nafni fyrirtækisins breytt í Nótastöðin Oddi hf.

1999 sameinuðust Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar í Neskaupstað og Nótastöðin Oddi ehf. og bar fyrirtækið nafn Netagerðarinnar eftir það. Við samruna fyrirtækjanna keypti Netagerðin eignir, lager og tæki Odda, sem fékk greitt í hlutafé í nýja fyrirtækinu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins voru í Neskaupstað.

Árið 2000 var samþykktum Nótastöðvarinnar Odda (einnig nefnt Oddi ehf. nótasköð) breytt og tilgangur félagsins var eftir það að kaupa og selja hlutabréf og önnur verðbréf, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Hlutafélaginu Oddi ehf. nótasköð var slitið í október 2001.

Það var Sigurður Jóhannesson sem afhenti skjölin.

Afhending 2007/9 er eina afhendingin sem hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Akureyri 14. 2. 2025

Lára Ágústa Ólafsdóttir
héraðsskjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2007 / 9

A-Nótastöðin hf./Nótastöðin Oddi ehf.

A-Nótastöðin hf./Nótastöðin Oddi ehf.

1953 - 2001

A	1	1	1953 - 1998	Fundargerðabók.
A	1	2	1998 - 2001	Fundargerðabók.
A	1	3	1955 - 1987	Hlutaskrá Nótastöðvarinnar Odda hf. Skrá yfir eignarhluti bréfa útgefin 1955 -1987.
A	1	4	1989 - 1999	Ársreikningar.
A	2	1	1987 - 2001	Bréf, samþykktir, afrit fundargerða, yfirlit yfir fjárhag félagsins og slit þess, ásamt fleiru. (Mest frá árunum 1998-2001)